

Nr. 21-041 S 028 Ísey EA 40***Skipverjar slasast***

Skipaskr.nr. 1458
IMO 8962242
Útgerð: Hrísey Seafood ehf.
Smíðaður: Seyðisfirði, 1976, stál.
Stærð: 98,76 brl. 159,87 bt.
Mesta lengd: 26,92 m Skráð lengd: 24,96 m
Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,3 m
Vél: Caterpillar, 249,0 kW, 1975.
Fjöldi skipverja: 6



Ísey©NN

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. apríl 2021 var Ísey EA 40 á landleið til Hornarfjarðar. Veður: A 11 m/sek.

Ísey var á dragnótarveiðum á SA miðum og skipverji að hreinsa fisk úr fiskmóttöku á millipilfari þegar lúga féll á hnakka hans með þeim afleiðingum að hann tagnaði illa á hálsi.

Við rannsókn kom fram:

- að lúguhandfangið var sett upp á hak sem hélt lúgunni uppi;
- að venjan var að hreinsa fiskinn út úr móttökunni með því að spúla hana með sjó, sem gekk þó ekki alltaf;
- að í þessu tilfalli fór slasaði inn um lúguopið til að hreinsa úr móttökunni. En þegar hann var að fara til baka er talið að hann hafi rekið sig upp undir lúguna þegar velta kom á skipið og við það hafi handfangið hrokkið upp af hakinu þannig að lúgan féll.



Myndin sýnir fiskimóttökuna

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að festingin fyrir lúguna var ekki nógu tryggilega frágengin.